



# Skútustaðahreppur

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## 14. september 2017 – Pistill nr. 18



Kæru Mývetningar nær og fjær. Þann 12. september s.l. var liðið eitt ár frá því ég skrifaði undir ráðningasamning við Skútustaðahreppi. Óhætt er að segja að hratt líði stund, þetta hefur verið afar viðburða- og lærdómsríkur tími sem ég er þakklátur fyrir. Þetta er fámennt sveitarfélag en landmikið og með risastór verkefni. Ég er þakklátur fyrir góðar móttökur og að hafa kynnst einstaklega góðu og skemmtilegu fólki. Fram undan er viðburðaríkt haust þar sem hæst ber gerð fjárhagsáætlunar auk ýmissa annarra skemmtilegra verkefna.

### **Skemmtilegur og gefandi sameiginlegur starfsmannadagur**

Sameiginlegur starfsmannadagur Skútustaðahrepps var haldinn 12. september s.l. Allir starfsmenn sveitarfélagsins, um 30 talsins, hlýddu á fyrirlestra og unnu saman í hópum að sameiginlegum verkefnum. Starfsmannadagurinn tókst vel en hann var liður í nýrri mannauðsstefnu sveitarfélagsins sem tók gildi 1. júlí síðastliðinn. Hjá sveitarfélaginu er mikill mannauður, hér er vel menntað og reynslumikið starfsfólk eins og í grunnskólanum og leikskólanum.

## Lokafrágangur á leikskólalóð

Þessa dagana stendur yfir lokafrágangur á leikskólalóðinni sem leikskólabörnin okkar hafa beðið eftir með óþreyju. Búið er að setja niður leiktæki en unnið er að frágangi lóðar þar sem starfsmenn áhaldahússins og Jón Ingi Hinriksson verktaki og hans menn standa vaktina af sinni alkunnu fagmennsku. Erum við þakklát fyrir þolinmæðina en verkið er nokkuð á eftir áætlun. Þá er stækkun leikskólans á lokametrinum en ráðist var í þær aðgerðir þar sem leikskólabörnum fjölgar í sveitarfélaginu, auðvitað eru það virkilega gleðilegar fréttir.

## Íbúafundur um fráveitumál

Minnt er á almennan íbúafund um stöðu fráveitumála í Mývatnssveit sem verður haldinn í kvöld, fimmtudaginn 14. september n.k. kl. 20:00.

**Staðsetning:** Reykjahlíðarskóli.

Farið verður yfir umbótaáætlun sveitarfélagsins og rekstraraðila, hreinistöð í Reykjahlíð, stöðuna á viðræðum við ríkisvaldið o.fl. Framsögumenn á fundinum verða Reynir Sævarsson frá verkfræðistofunni EFLU og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

**Fundarstjóri:** Helgi Héðinsson.

Allir velkomnir.

## Óboðlegt að skera niður

### almenningsamgöngur til Þórshafnar

Sveitarstjórn telur ákvörðun meirihluta stjórnar Eyþings um að leggja af almenningsamgöngur frá Húsavík til Þórshafnar óboðlegar með öllu. Það er forsenda samstarfs um almenningsamgöngur á Eyþingssvæðinu að boðin sé að lágmarki þjónusta milli allra þéttbýlisstaða svæðisins. Sveitarstjórn skorar á stjórn Eyþings að endurskoða ákvörðun sína og

leggja frekar megináherslu á endurskoðun rekstrarins almennt og útfærslu þjónustunnar.



## Þungar áhyggjur vegna stöðu sauðfjárræktar


Sveitarstjórn tók undir bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga um þann mikla vanda sem blasir við í sauðfjárrækt og mikilvægi þess að ríkið komi að lausn vandans sem fyrst. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í sauðfjárrækt vegna lækkunar á afurðaverði til sauðfjárnænda. Verði af þeirri lækkun er um gríðarlegt tekjutap að ræða fyrir sauðfjárnændur og skapast getur forsendubrestur fyrir áframhaldandi búrekstri. Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að bregðast skjótt við þeim vanda sem blasir við og þær aðgerðir sem gripið verði til verði sauðfjárræktinni til styrkingar og eflingar til framtíðar.

Jafnframt beinir sveitarstjórn því til atvinnuálanefndar að skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að auka verðmæti afurða úr héraðinu.

## Uppbygging innviða fyrir rafbíla

Sveitarstjórn samþykkti að ganga til samninga við ON varðandi uppbyggingu innviða fyrir rafbíla í sveitarfélaginu.

Þann 30. september 2016 sendu Vistorka, Eimur og Norðurorka í samstarfi við 11 sveitarfélög á Norðurlandi umsókn til Orkusjóðs um styrk til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla á Norðurlandi. Farin var sú leið að tengja saman í eina umsókn opinbera aðila á svæði sem telur vel yfir 30 þúsund manns og teygir sig yfir allt Norðurland. Þetta var gert til að tryggja lágmarks þjónustustig fyrir rafbíla á svæðinu og að uppbyggingin yrði örugglega samræmd og heildstæð.



## Ný snjallsímavæn heimasíða -

[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

Ný og uppfærð snjallsímavæn heimasíða Skútustaðahrepps var tekin í notkun í upphafi mánaðarins. Þar sem hún er snjallsímavæn aðlagar hún sig af því tæki sem hún er skoðuð í. Sveitarstjóri hefur séð um uppfærsluna í samstarfi við fyrirtækið Formenn ehf.

Er þetta liður í aukinni og bættri þjónustu sveitarfélagsins. Við viljum hafa síðuna lifandi og því viljum við miðla því sem er um að vera í sveitarfélaginu.

Allar ábendingar um heimasíðuna eru vel þegnar og mikilvægt er að upplýsingar sem þar eru séu réttar. Vinsamlegast sendið línu á [heimasida@skutustadahreppur.is](mailto:heimasida@skutustadahreppur.is) Jafnframt hefur nýtt lén verið tekið í notkun sem er [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is). Gamla lénið (myv.is) verður áfram í notkun í einhvern tíma en verður svo lagt niður.

## Breytingar á netföngum

Í tengslum við breytingu á léni heimasíðunnar hefur netföngum starfsfólks (öðrum en í Reykjahlíðarskóla) verið breytt þannig að þau enda á [skutustadahreppur.is](http://skutustadahreppur.is) í stað [myv.is](http://myv.is). Tekur þetta gildi á næstu dögum.

## Samþykkt að fara í gerð húsnæðisáætlunar

Sveitarfélögum ber að gera húsnæðisáætlun með aðstoð Íbúðalánasjóðs og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk húsnæðisáætlana sveitarfélaga er að draga fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Sveitarstjórn samþykkti að sveitarfélagið geri húsnæðisáætlun og felur atvinnuáætlunefnd ásamt skipulags- og byggingafulltrúa að greina stöðu húsnæðismála í Skútustaðahreppi og setja fram áætlun um hvernig þeim málum skuli háttað til næstu ára.

## Mikilvægi umferðaröryggismála

Á síðasta fundi skipulagsnefndar var lögð fram skýrsla um umferðaröryggismál sem Hallbjörn

Reynir Hallbjörnsson hjá Eflu verkfræðistofu hefur unnið fyrir Skútustaðahrepp. Markmiðið með verkefninu var að skoða umferðaröryggismál í Reykjahlíð fyrir Skútustaðahrepp í tengslum við nýtt deiliskipulag. Umferðartalningar og mælingar á umferðarhraða voru hvorki til né gerðar fyrir minnisblaðið. Mælt er með að slíkar mælingar verði gerðar.

Í fyrsta kafla er farið yfir staðhætti almennt í Reykjahlíð. Kafli 2 tekur á uppbyggingu þeirra þ.e. götukassa/götuþversniði og þar með umferðaröryggi. Kafli 3 tekur á umferðaröryggi fyrir skólabörn til og frá skóla. Kafli 4 tekur á mögulegri legu og útlit nýrra hjólastíga í og við Reykjahlíð.

Skipulagsnefnd fagnar fram kominni skýrslu um umferðaröryggismál í Reykjahlíð og samþykkir að vísa henni til umsagnar hjá skólanefnd og foreldrafélagi leik- og grunnskóla.



### Félagsstarf eldri borgara hefst í næst viku

Félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit, 60 ára og eldri, hefst að nýju eftir sumarleyfi með samverustund fimmtudaginn 21. september 2017. Starfið er með hefðbundnum hætti en fer fram í nýrri aðstöðu í stofu sem hefur verið

útbúin í íþróttamiðstöðinni. Þar fer vel um starfið í bjartri og rúmgóðri stofu. Eldri borgarar hafa aðgang að stofunni alla daga vikunnar ef þeir vilja og geta nýtt sér aðstöðuna í íþróttahúsinu sér að kostnaðarlausu. Félagsstarf eldri borgara verður á fimmtudögum í vetur og hefst kl. 11:50 í leikfimi fyrir þá sem vilja.

Umsjón félagsstarfsins: Þórdís Jónsdóttir (Dísa). Til aðstoðar verður Ásta Price.

#### Auka leikfimistími:

Boðið verður upp á auka leikfimistíma fyrir eldri borgara á mánudögum kl. 10:00 í íþróttahúsinu hjá Ástu Price. Fyrsti mánudagstíminn verður 25. september.

#### Boðið upp á ókeypis akstur:

Áfram verður boðið verður upp á akstur í samverustundina á fimmtudögum á vegum sveitarfélagsins og er eldri borgurum að kostnaðarlausu.

Þeir sem ætla að nýta sér aksturinn þurfa að láta vita í hvert skipti, í síðasta lagi daginn fyrir samverustundina, í síma 892 8585. Gísli Rafn Jónsson sér um aksturinn. Að lokinni samverustund er svo einnig boðið upp á akstur heim.

Vonandi sjáum við ykkur sem flest í félagsstarfinu í vetur. Maður er manns gaman.

### **HRÓS DAGSINS...**

fá landeigendur í Vogum fyrir metnaðarfulla uppbyggingu á helstu ferðamannaperlum í landi þeirra. Landeigendur vinna nú að breytingum á deiliskipulagi þar sem horft er til uppbyggingar ferðamannastaða til framtíðar.

### **Skemmtilegar lýðheilsugöngur**

Síðustu tvo miðvikudaga hefur Ferðafélag Íslands staðið fyrir skemmtilegum lýðheilsugöngum í Skútustaðahreppi. Í gær var



Frá lýðheilsugöngu í Helgey í gærkvöldi.

farið í fræðandi lýðheilsugöngu um Helgey undir röggsamri stjórn Hjördísar Finnbogadóttur. Flott mæting enda ótrúlegt umhverfi og sagan nánast við hvert fót máli. Helgey hefur verið vettvangur stórvíðburðar í Íslandssögunni. Takk kærlega fyrir ánægjulega kvöldstund.

Næstu tvær miðvikudagsgöngur eru eftirfarandi:

Miðvikudaginn 20. september kl. 18:00

Gengið um Höfða sem er víðfrægur vegna undurfagurs landslags, gróðurfars og hins einstæða fuglalífs við Mývatn. Hann er skógi vaxinn og tengist landi skammt frá þjóðveginum. Nú er þar friðað svæði sem er að stærstum hluta í eigu sveitarfélagsins. Mæting við hliðið við Höfða.

Göngustjóri: Þorsteinn Gunnarsson.

Miðvikudaginn 27. september kl. 18:00

Gengið upp á Vindbelgjarfjall sem er móbergshnjúkur (529 m) sem stendur stakur. Fjallið er lítil gosmyndun undan ísaldarjökli sem líklega

hvarf af landinu fyrir um það bil 10 þúsund árum. Þaðan er einstakt útsýni yfir Mývatn og nágrenni. Mæting á bílastæðunum nálægt Vagnbrekku. Göngustjórar: Jóhanna Jóhannesdóttir og Soffía Björnsdóttir.

### Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu og má þar nefna vegna málefna Höfða, með Landgræðslunni, dýralækni, foreldrafélagi grunnskóla og leikskóla, eldri borgurum, Eimi, skipulagsnefnd, stjórn Mývatnsstofu og margt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**